

Jafuvé! þótt Pétur teygði tímann á gistiþúsunu og læsi morgunblaðið af "Berlingi", og "Auglýsingablaðið" frá upphafi til enda með álíka skilningi á efninu og á síðustu messugjörðinni, þá var þó eftir enn all-langur tími til aftansöngs.

Snjób'eytshríðin var farin að vaxna. Sór, égeðsleg, blaut og hvít kvíkindi byrgdu útsýnið. Rakinn og kuldinn frá strætinu smugu í gegn um ilskó og ullarsokka — hvegi var hjálpar von. Heim vildi hann ekki fara, nei, nei. Hann fékk ómótstæðilegan viðbjóð á heimili sínu.

— Eg vildi nú samt, að eg yrði ekki veikur. Það var ef til vill vitlaust, að eg sneri ofnlokunni svo fast fyrir. Æ, dálítill hlýindi þessu þó komið sér vel fyrir gamla skrokkinn á mér. Æ, mér er svo kalt, svo kalt! Eg held að mér hlýni aldrei framar. Æ, æ!

Hann hrístist í hnjalíðunum, og snjórinn klestist fyrir augun á honum.

Hann strítaðist áfram, alt hvað gömlu fæturnir hans toguðu. Það var ekki um annað að tala en að ganga sér til hita þangað til aftansöngur byrjaði í einhverri kirkjunni. Og Pétur gamli hélt áfram lengra og lengra.

Það lagðist eitthvað í hann, sem hann var hálfræddur við.

Samvizkan gat það ekki verið... ....því hún var góð..... Hvað var það þá?

Lífsstörfin í líkama hans voru

öll í góðu lagi. Matarlystin var ágæt, maginn stáll raustur. Hann ræskti sig hátt, faust heldur sem ekkert mundi vera að brjóstini.

— Það er náttúrlega gremja yfir kvensniptunum þarna heima. Ó, að stelpan vildi nú fara til kirkju og biðja fyrir honum gamla föður sínum og móður sínni dæuðveikri.

Enn á ný stríð við snjókrapið! Það klestist í langa hnakka lárstríð á honum, í gráu kafloðnu augnahrúnirnar og rann svo úr þeim og augnavængjunum niður um kinnarnar. Verst af öllu var þó að þessi óþverri eyðilegði öldungis kragann hans, sem hann hafði sett upp tábreinan þá um morguninn. Pétur Jakob Péturs-son hafði háslín að eins á sunnudögum, og gat svo brúkað sama kragann samfleytt í þrjá sunnudaga. Hann var svo að segja orðinn fokvondur við drottinn fyrir að skapa þetta veður, sem gjörði svona gys að sparssemi hans.

Hana nú, nú rofaði dálitið til í hríðinni. Gamli Pétur leit í kring um sig.

Hvað var nú þetta?

Hann var orðinn viltur.... Og það líka í Kaupmannahöfn, heimaborginni hans. Það var svívirðilegt, en svo hafði hún nú byggst út síðan hann seldi síðustu húsalódina sína við eystri "Ástarstígin". Þetta hlaut að vera einn gamli Ástastígurinn! En þetta vatn var ekki "Mortjörnin"— það hlaut að vera — ja, hvaða tjörn var nú þetta? Herra trúr.....